

3. gr.

Verkefni skulu valin í samráði við hlutaðeigandi skólastjóra. Skólastjóri ákveður hvaða daga á skólaárinu skal unnið.

4. gr.

Ef henta þykir má mynda héraðs- eða landshlutanefndir er í séu fulltrúar þeirra aðila, er um getur í 1., 2. og 3. gr. reglugerðar þessarar. Hlutverk nefnda þessara yrði að samræma landgræðslustörf skólafólks innan viðkomandi svæðis með því að gera tillögur um val verkefna og framkvæmd þeirra.

5. gr.

Fyrir 1. mars ár hvert skal ákveðið að hvaða verkefnum skuli unnið og skal þá skólastjóri í samráði við þann sem skipulagt hefur verkefni einnig hafa tekið ákvörðun um hvaða aldursflokkar verða kvaddir til starfa á árinu.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 58/1974, um landgræðslustörf skólafólks, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 276/1975 um sama efni.

Menntamálaráðuneytið, 2. október 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

24. mars 1975.

Nr. 449.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Reyðarfjarðar.

GJALDSKRÁRLIÐIR:

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði, sem hér segir.

1. Lýsing.

11. Fast gjald kr.	F1
Orkugjald	22.74 á kWst.
12. Fast gjald	F1 + F2
Orkugjald	10.88 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa.

21. Fast gjald	F1 + F3
Orkugjald	6.54 á kWst.

3. Vélanotkun.

31. Fast gjald	F1 + F2
Lágmarksgjald	48 × F1 á ári.
Orkugjald	13.85 á kwst.
32. Aflgjald lágmark 2 kw	19 096.00 á ári.
Aflgjald frá 2—5 kw	9 548.00 á kw á ári.
Fast gjald	F1 + F3
Orkugjald	3.18 á kwst.

33. Aflgjald umfram 5 kw	kr.	8 105.00 kw á ári.
Fast gjald	—	F1 + F3
Orkugjald	—	2.55 á kwst.
34. Til súgþurrkunar.		
Fast gjald	—	F1
Orkugjald	—	3.25 á kwst.
Roftími allt að 3 klst. á dag.		

4. Hitun.

41. Fast gjald	—	F1 + F4
Orkugjald	—	2.53 á kwst.
Roftími allt að 1 klst. á dag.		
42. Fast gjald	—	F1 + F4
Orkugjald	—	1.55 á kwst.
Roftími allt að 3 klst. á dag.		
51. Fast gjald	—	F1 + F4
Orkugjald	—	1.26 á kwst.
Roftími allt að 15 klst. á dag.		

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
- Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álag að dómi rafv.stjóra.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

5. Utanhússlýsing.

51. Fast gjald	kr.	F1
Orkugjald	—	6.91 á kwst.

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

Föst gjöld.

F1.	—	160.00 á mánuði
F2. a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	5.95 á m ² á mán.
b) Gangar, geymslur o. þ. h.	—	3.18 á m ² á mán.
F3.	—	51.00 á gjaldein. á mánuði.

Gjaldeiningar eru:

- Fyrir fjölskylduheimili.
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki ganga, baðherbergi né geymslur.
Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálf, 25 m² eða stærra tvö.
 - Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús o. þ. h. 20 m² mælt innan útveggja.
 - Fyrir útihús vegna búrekstrar, fyrir fyrstu 50 m² eða minna, ein gjaldeining, fyrir hverja næstu 100 m² ein gjaldeining.
 - Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h., 30 m² fyrir vinnslurúm, 40 m² fyrir geymslurúm.
- F4. Hvert uppsett kw kr. 778.00 á ári.

Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 500.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og verður ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 1 000.00 á skrifstofu rafveitunnar.

Heimtaugargjöld.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af hverri heimtaug kr. 3 000.00

Auk grunngjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi að kr. 500 000.00 og kr. 5.00 af hverju þúsundi sem umfram er af brunabótamati húsa og mannvirkja.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

Söluskattur og verðjöfnunargjald er innifalið í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að gilda sbr. heimild í auglýsingu nr. 7 23. janúar 1975. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 24. mars 1975.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

9. október 1975.

Nr. 450.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hinn 28. september 1975 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur að á áður ráðgerðu grænu svæði við Norður-Mjódd í Breiðholti, skuli leyfð bensinstöð, en borgarstjórn Reykjavíkur hafði áður sam-